

# Laugarnar dragi að ferðafólk

- Unnið að lagfæringum á heitum laugum á Vestfjörðum og sameiginlegri markaðssetningu
- Paraböð á Reykhólum og heilsulind í Reykjanesi eru á dagskrá í framtíðinni

Eftir Helga Bjarnason  
helgi@mbl.is

UNNIÐ er að þróun og markaðssetningu heitra náttúruauga á Vestfjörðum. Unnið er að lagfæringu á aðstöðu við laugar sem þegar eru þekktar og í notkun og uppbyggingu á nýjum stöðum. Þá er ætlunin að leggja grunn að heilsulindum í stærri stíl á einum eða tveimur staðanna og einkum horft til Reykjanes og Reykhóla í því efni.



Viktoria Rán Ólafsdóttir

Vestfirðir eru lághitasvæði og vatnið hefur víða verið notað í heitar laugar. Forsvarsmenn hafa sameinast um að nýta þær betur við þjónustu við ferðafólk. Höpur sem nefnir sig Vatnavini Vestfjarða og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða vinnur að framgangi málsins. Grundvöllurinn var þó lagður hjá áhugamannafélaginu Vatnavinum sem hefur það að markmiði að hlúa að íslenski baðmenningu og náttúru með sjálfbærri uppbyggingu í heilsutengdri ferðaþjónustu á landsvísi.

Viktoria Rán Ólafsdóttir verkefnisstjóri segir að fyrsta skrefið sé að þróa þær laugar sem notaðar eru sem baðstaðir í dag. Hún segir nauðsynlegt að ráðast í uppbyggingu og sums staðar sé byrjað á því. Ráðist var í að rannsaka efnainnihald vatnsins og



Laugar Gott er að láta ferðapreytuna líða úr sér í heitri laug. Myndin er frá Hellulaug við Flókalund.

verið er að afla upplýsinga um þá möguleika sem staðirnir bjóða upp á til heilsuæðferðar. Þá segir hún að unnið sé sameiginlega að markaðssetningu.

„Þetta byggist allt á grunni sem er fyrir en bæta þarf faglega umgjörð um starfið. Okkur langar að auka verðmætin sem laugar gefa af sér og auka afþreyingarmöguleika á Vestfjörðum. Æskilegt er að lengja ferðamannatímabilið helst þannig að gestir geti sótt laugar allt árið. Það myndi auka tekjurnar og skapa meiri vinnu,“ segir Viktoria.

## Stærri verkefni síðar

Auk þess að nýta betur þær laugar sem fyrir eru er hugmyndin að leggja grunn að uppbyggingu stærri heilsulinda á tveimur stöðum. Einkum er

- Hugað er að lagfæringum á aðstöðu við laugar og uppbyggingu nýrrar baðaðstöðu á ellefu stöðum á Vestfjörðum.
- Gvendarlaug í Bjarnarfirði, sjávarböð við Drangsnes, Krossneslaug í Norðurfirði og Reykjarfjörður.
- Laugarholt, Reykjanes og norðurljóshól í Heydal í Ísafjarðardjúpi.
- Reykhólar, Djúpidalur, Hellulaug við Flókalund og Krossholt á Barðaströnd.

horft til Reykjanes við Ísafjarðardjúpi og Reykhóla í því efni. Aðstæður eru sérstakar á báðum þessum stöðum og landeigendur og

frumkvöðlar hafa margt á þrjónunum.

Pannig er mikill jarðhiti í Reykjanesi og vatnið ríkt af steinefnum. Á Reykhólum er ætlunin að koma upp paraböðum.

Viktoria tekur fram að þetta séu fjárfrekar framkvæmdir og lítur á uppbygginguna sem langtíma verkefni sem muni krefjast þolinmæði, fjármagns og viljafestu margra áður en það verði að veruleika.

Fyrir utan þá staði sem notaðir hafa verið til baða er fjöldi heitra lauga um alla Vestfirði, svonefnd villiböð. Viktoria segir að þessar laugar séu oft á afviknum og viðkvæmum stöðum og því ekki hægt að nýta þær við ferðaþjónustu. Ferðamenn sem á þær rambi geti auðvitað baðað sig áfram.

## Heilsulind við sundlaug og hveru

„SUNDLAUGIN er flaggskipið okkar,“ segir Jón Heiðar Guðjónsson, hótellstjóri í Reykjanesi. Eigendur ferðaþjónustunnar hafa endurbýtt sundlauginu og hafa hug á að byggja upp fjölbreytta heilsulind í kringum sundlauginu og hveruina.

Hverirnir í Reykjanesi hafa verið notaðir lengi til heilsuþótar og atvinnurekstrar. Þar var til dæmis öllum ísfirskum börnum kennt að synda í áratugi, löngu áður en skóli reis á staðnum.

Eigendur húsanna hafa verið að gera þau upp undanfarin ár til að þau nýttist betur við ferðaþjónustuna. Enn er töluvert ógert í því, að sögn hótellstjórans.

Jón Heiðar er í samvinnu við Vatnavini og hefur áhuga á að nýta sundlauginu og hveruina betur fyrir gesti hótelsins. „Það þarf að útbúa aðstöðu í sundlauginni fyrir meðferð og nudd. Við erum með hveru í flæðarmálinu og úti í sjó og ætlum að reyna að koma upp aðstöðu fyrir sjóböð og heitum pottum – og gufuböðum og heilsulindum í tengslum við gömlu hveruina,“ segir hótellstjórinn. Hann telur að með því að þessi aðstaða komi til viðbótar því sem fyrir er á staðnum og sérstöku mataræði sé hægt að fá fleiri gesti, jafnt íslenska sem erlenda, til lengri og skemmri dvalar.

**Aðventutónleikar**

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

## TÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI

Fös. 11.12.09 » 19:30

Fátt er betur til þess fallið en hátíðleg tónlist til að koma manni í jólaskap. Á aðventutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands hljómar hátíðleg jólatónlist frá ýmsum tímum í flutningi tveggja af okkar fremstu söngvurum; **Ingibjargar Guðjónsdóttur** og **Gissurar Páls Gissurarsonar**. Bach, Handel, Corelli, Mozart, Adolphe Adam og Sigvaldi Kaldalóns eiga allir sinn skerf á þessari hátíðlegu og jólalegu efnisskrá. Hljóm-sveitarstjóri er **Daniel Bjarnason**.

Miðaverð: 3.700/3.300 kr.

Tryggðu þér miða á [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is) eða í síma 545 2500

„Tónlistin er ekki uppfinning mannanna, heldur gjöf guðs.“

Marteinn Lúther



## Reyndu sjálfar paraböðin



Ljósmynd/Óskar Steingrímsson

Í **paraböði** Sólrún Sverrisdóttir og Svanhildur Sigurðardóttir kynna þýska blaðamanninum Alva Gehrman áhrif paraböða.

„Við vorum fyrst að spá í að gera pott niðri í fjöru og ræddum málið fram og til baka. Þá bauð Svanhildur Sigurðardóttir okkur að prófa þetta í heitu pottinum heima hjá sér,“ segir Sólrún Sverrisdóttir á Reykhólum. Hún er einn af frumkvöðlum að paraböðunum sem þar er verið að undirbúa og nýlega fékk góða umfjöllun á vefsíðu þýska bladsins Der Spiegel.

Mikill jarðhiti er á Reykhólum og Breiðafjörður fullur af þara og þangi sem Þörungaverksmiðjan notar í framleiðslu sína. Þeim fannst það því sjálfsgöð hugmynd, Sólrún og Þuríði Stefánsdóttir sem báðar voru nýfluttar á staðinn, að útbúa heit paraböð.

Þær settu þara- og þangmjöl út í heita pottinn. Með því að reyna

blönduna á sjálfum sér og leita upplýsinga annars staðar komust þær að raun um að paraböð eru hin mesta heilsuþótt og stunduð um allan heim.

Næsta skrefið er að byggja upp aðstöðu. Sólrún segir að þær Svanhildur hafi fengið vilyrði fyrir gömlu verkstæðishúsi á fallegum stað á Reykhólum og hafi látið teikna við það viðbyggingu og heita potta. „Við höfum fundið mikinn áhuga á þessari hugmynd og getum ekki annað en reynt að halda áfram. Okkur vantar peninga til þess en vonumst til að fjárfestar sjái sér hag í að koma til liðs við okkur. Hér er margt fleira í náttúrunni sem hægt væri að nota í heilsuþótt, leir úr Króksfirði og jurtir úr náttúrunni,“ segir Sólrún.